

Ed.

316. Frumvarp til laga

[155. mál]

um breyting á lögum nr. 35 18. febrúar 1953, um bæjanöfn o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

8. gr. 5. málsl. laganna orðist svo:

Leyfisbréfið sendir ráðherra þinglýsingardómara til þinglýsingar og skal dómari skýra þinglýstum veðhöfum frá nafnbreytingunni, ef þeir eru kunnir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til þinglýsingalaga. Í frv. er lagt til, að efni laga um bæjarnöfn o. fl. verði fært til samræmis við þær reglur, sem felast í þinglýsingalagafrumvarpinu.